



## Starfsreglur Vinnuskóla Sveitarfélagsins Voga

---

1. Vinnuskólinn er tóbaks-rafrettu og vímuefnalaus vinnustaður.
2. Allir nemendur skrifa undir ráðningasamning.
3. Við skráningu í Vinnuskólann er litið svo á að unglingur sé að sýna áhuga á að taka þátt í starfi skólans.
  - a. Honum ber að vinna þau verkefni sem honum eru falin án þess að stöðugt þurfi að ganga eftir því að hann haldi sig að verki.
  - b. Þá ber honum jafnframt að sýna öllum samstarfsmönnum sínum, flokksstjórum og yfirmönnum Vinnuskólans, svo og öllum bæjarbúum fyllstu kurteisi þegar hann er við vinnu.
4. Mæta ber stundvíslega til vinnu og skila fullum vinnudegi.
5. Nemendur eiga að mæta á hverjum degi til vinnu nema til komi veikindi eða leyfi.

Geðþóttamæting nemenda er ekki liðin.
6. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna beint til viðkomandi flokksstjóra um veikindi eða leyfi, með því að hringja. Smáskilaboð (SMS) eru ekki tekin gild. Ekki er gert ráð fyrir sumarleyfi í Vinnuskólanum. Símanúmer vinnuskólans eru 7770926 og 770926
7. Ef nemandi er fjarverandi án útskýringa í tvo daga í röð er honum vísað úr Vinnuskólanum.
8. Öll óútskýrð fjarvera verður dregin frá launum.
9. Nemandi sem mætir of seint þrisvar sinnum er sendur heim launalaus í einn dag.
10. Flokkstjóri hefur heimild til að senda ungling heim úr vinnu á vinnutíma vegna agabrota og skal flokkstjórinn þá hringja í forráðamenn og tilkynna ástæðu brottvikningar. Til þess þarf þó að vera rík ástæða sem flokkstjórar meta og eru aðrar leiðir reyndar áður en til þessa úrræðis er gripið. Alvarleg brot á starfsreglun þýðir brottvísun að fullu.
11. Fara skal vel með verkfæri, stunda vinnuna samviskusamlega og fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum yfirmanna. Ef starfsmaður eyðileggur ítrekað verkfæri er starfsmaður sendur heim launalaust í einn dag og foreldri látið vita.
12. Laun eru greidd fyrir fræðsludaga ef viðkomandi tekur þátt í allri dagskránni af fullri einurð.
13. Unglingar leggja sér sjálfir til allan **hlífðarfatnað** og skal hann vera **samkvæmt aðstæðum** og verkefnum. Öllum er ráðlagt að hafa með sér bakpoka og merkja fatnað, skó og stígvél. Ekki er heimilt að fara heim á vinnutíma til að sækja föt/nesti
14. Notkun farsíma við vinnu er óheimil.
15. Engin ábyrgð er tekin á fötum nemenda, reiðhjólum, farsímum eða öðrum hlutum sem nemendur taka með sér á vinnustað.
16. Nauðsynlegt er að koma með nesti því
  - a) ekki er leyfilegt að fara af vinnustaðnum nema í matarhléi.
  - b) Kaffihlé er í 15 mín. og varið á vinnusvæði með flokkstjóra.
17. Unnið verður um allan bæ og því nauðsynlegt að mæta í vinnuna í fötum við hæfi, með hlífðarföt með sér. Ekki er heimilt að fara heim að sækja föt.
18. Ekki er heimilt að skipta um vinnuflokk nema í undantekningatilfellum.
19. Allir nemendur og flokkstjórar þurfa að vera í vesti með endurskinsmerki á vinnutíma.
20. Sé unglingur með það alvarlegt ofnæmi að það hindri þátttöku í hefðbundnum störfum vinnuskólans ber honum að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar við skráningu.